

Aðalfundur ÍFHK 25. nóvember 2018

1. Kosning fundarstjóra.

Haukur Eggertsson. Fundarritari Páll Guðjónsson

2. Skýrsla formanns.

Þórður formaður er forfallaður. Hrönn fór yfir starfsemi síðasta árs. Allt svipað og undanfarin ár. Hjólhesturinn, opin hús, þriðjudagskvöldferðir og nokkur ferðalög. Fjöldi félagsmanna svipaður og undanfarin ár.

3. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar

Hrönn fór yfir reikninga. Afkoman góð og hagnaður af árinu. Reikningar samþykkir samhljóða.

4. Tillögur um breytingar á lögum klúbbsins.

- Allar tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn amk. 14 dögum fyrir aðalfund
- Þær verða svo kynntar félagsmönnum fyrir aðalfund í tölvupósti.

Ein tillaga að breytingum á lögum klúbbsins barst:

Lagt er til að bætt verði við 4. grein „og að vinna að eflingu og framgangi ferðalaga á reiðhjólum hérlendis“ þannig að greinin verði: „4.grein: Markmið félagsins er að auka reiðhjólanoftkun og vinna að bættri aðstöðu fyrir þá sem hjóla og að vinna að eflingu og framgangi ferðalaga á reiðhjólum hérlendis. ÍFHK stendur meðal annars fyrir útgáfu- og fræðslustarfsemi til að kynna stefnu sína og markmið.“

Frávísunartillaga felld.

Haukur kemur með breytingatillögu um að í stað „ÍFHK stendur fyrir...“ verði „ÍFHK **standi** meðal annars...“
Samþykkt

Páll Guðjónsson leggur til að bæta við „**og samgangna** á reiðhjólum hérlendis“. Samþykkt

Breytingatillögur samþykktar. Greinin hljóðar þá svona, nýjar viðbætur og viðbætur feitletraðar:

Markmið félagsins er að auka reiðhjólanoftkun og vinna að bættri aðstöðu fyrir þá sem hjóla **og að vinna að eflingu og framgangi ferðalaga og samgangna á reiðhjólum hérlendis.**

ÍFHK **standi** meðal annars fyrir útgáfu- og fræðslustarfsemi til að kynna stefnu sína og markmið.

5. Kosning formanns.

Þorgerður Guðrún Jónsdóttir ein í framboði og sjálfkjörin.

6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Fjöltnir bíður sig fram í stjórn, einnig Tryggvi. Báðir sjálfkjörnir

Varamenn: Geir og Alfreð bjóða sig fram. Báðir sjálfkjörnir.

Skoðunarmenn reikninga: Björn og Sigurður Grétar til vara. Báðir sjálfkjörnir.

7. Nefndir mannaðar

Húsnefnd: Enginn framboð svo verkefnið lendir á stjórn ÍFHK.

Ferðanefnd: Fjölur formaður ferðanefndar.

Ritstjóri heimasíðu og fréttabréfs: Páll Guðjónsson sjálfkjörinn.

8. Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun

Stefnt er að því að nota innkomu ársins í starfsemi ársins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Ekki kom fram tillaga um að breyta félagsgjöldum og verða þau því óbreytt.

9. Önnur mál

Sesselja Traustadóttir biður fundinn um leyfi fyrir stjórn að ræða við önnur félög um aukið samstarf, s.s. Landssamtök hjólreiðamanna, Hjólafærni á Íslandi og Samtök um bíllausan lífsstíl. Erindi beint til stjórnar samþykki aðalfundar.

Afmælis ár framundan. Hugmyndir:

- Gefa félagsmönnum buff eða hnakkhlíf merkt klúbbum
- Heiðursfélagar ræddir. Velt upp hugmynd um að gera Forseta Íslands að heiðursfélagi.
- Afmælisútgáfa af Hjólhestinum
- Skipuleggja veglega ferð erlendis í samvinnu við Bændaferðir t.d.
- Miðnæturför á Þingvelli á Jónsmessu
- Fá nema í sagnfræði til að taka saman söguna

Haukur ræddi ferðalög með börn: Börn eru tækifæri til að fara í langar hjólaferðir en erfitt að finna góðar leiðir sem henta hérlendis.

Sesselja bendir á að í frumvarpi að nýjum umferðarlögum er lagt til að lágmark verði að víkja 1.5m frá hjólandi og það mætti vera með kynningarverkefni því tengt.

Nýkjörinn formaður sleit fundi.

Fundagerð samþykkt.